

## AUGLÝSING

60

23. júní

um aðild Íslands að bókun um viðskipti og greiðslur milli Finnlands og nokkurra Evrópuríkja, dags. 29. desember 1959.

Hinn 16. júní 1960 afhenti utanríkisráðherra fulltrúum finnsku ríkisstjórnarinnar yfirlýsingu um aðild Íslands að bókun um viðskipti og greiðslur milli Finnlands og nokkurra Evrópuríkja, dags. 29. desember 1959.

Jafnframt hefur verið felldur úr gildi greiðslusamningur milli Íslands og Finnlands, sem undirritaður var 6. marz 1950.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 23. júní 1960.*

**Guðm. Í. Guðmundsson.**

*Henrik Sv. Björnsson.*

## AUGLÝSING

61

22. júlí

um fullgildingu nýs alþjóðafjarskiptasamnings.

Hinn 8. júlí 1960 var forstjóra alþjóðafjarskiptasambandsins afhent fullgildingskjal Íslands að nýjum alþjóðafjarskiptasamningi, er undirritaður var fyrir Íslands hönd í Genf hinn 12. desember 1959.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 22. júlí 1960.*

**Guðm. Í. Guðmundsson.**

*Haraldur Kröyer.*

## AUGLÝSING

62

13. ágúst

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, fór í dag í einkaerindum til útlanda og mun verða fjarverandi nokkrar vikur.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Í forsætisráðuneytinu, 13. ágúst 1960.*

**Ólafur Thors.**

*Birgir Thorlacius.*

A 29